

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 18. mars 1993

um að skipuleggja tímabundna tilraun með tilliti til hámarksinnihalds óhreininda í sojabaunafræi

(93/213/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/107/EBE ⁽²⁾, einkum 12. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun 69/208/EBE er kveðið á um staðla að því er varðar hámarksinnihald óhreininda, skilgreint í samræmi við gildandi alþjóðlegar prófunaraðferðir, fyrir sojabaunafræ.

Þessir staðlar hafa verið ákvarðaðir til að draga úr sýkingarhættu af völdum *Phialophora gregata* og *Phytophthora megasperma* f. spp. *glycinae*.

Í samræmi við gildandi alþjóðlegar prófunaraðferðir tekur skilgreining á óhreinindum til „brota úr sprungnum eða skemmdum fræeiningum sem eru helmingur eða minna en helmingur af upprunalegri stærð fræs“.

Samkvæmt nýjustu tækniþekkingu ætti fyrrnefndur efnisþáttur, þ.e. óhreinindi, ekki að hafa í för með sér sýkingarhættu af völdum áðurnefndra skaðlegra lífvera.

Af þeim sökum er gagnlegt að skipuleggja tímabundna tilraun við sérstök skilyrði með það fyrir augum að endurbæta gildandi ákvæði um hámarksinnihald óhreininda í sojabaunafræi.

Einnig er æskilegt að fjalla um fræ sem er uppskorið í þriðju löndum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skipuleggja skal tímabundna tilraun í bandalaginu samkvæmt þeim skilyrðum sem eru tilgreind í 2. gr. til að

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 16, 25. 1. 1993, bls. 1.

meta hvort stöðlum eða öðrum skilyrðum sem gilda um sojabaunafræ að því er varðar þyngdarhlutfall óhreininda, sbr. c-lið C-hluta 3. mgr. I. þáttar II. viðauka við tilskipun 69/208/EBE, skuli breytt þannig að efnisþættir sem lýst er sem „brot úr sprungnum eða skemmdum fræeiningum sem eru helmingur eða minna en helmingur af upprunalegri stærð fræs“ séu virtir að vettugi.

2. gr.

Skilyrðin sem um getur í 1. gr. eru sem hér segir:

- a) staðlar um óhreinindi skulu ekki taka til „brota úr sprungnum eða skemmdum fræeiningum sem eru helmingur eða minna en helmingur af upprunalegri stærð fræs“;
- b) við opinbert fræeftirlit skal vega fræ og annað efni sitt í hvoru lagi, nema hlutfall óhreininda sé ekki meira en 0,3%;
- c) með fræeiningum verður að fylgja opinbert vottorð um greiningu þar sem gefin er upp þyngd, sbr. b-lið;
- d) á opinbera merkimiðanum sem mælt er fyrir um í tilskipun 69/208/EBE eða, að því er varðar þriðju lönd, á OECD-miðanum skal númer þessarar tilskipunar koma á eftir orðunum „EBE-reglur og -staðlar“. Að öðrum kosti má setja númer þessarar ákvörðunar á eitthvert annað opinbert fylgiskjal með fræeiningunni;
- e) vottunaraðili skal fylgjast með tilrauninni;
- f) sýni úr fræeiningum sem eru opinberlega vottfestar að lokinni þessari tilraun skulu afhent til notkunar í samburðartilraunum í bandalaginu.

3. gr.

1. Öllum aðildarríkjum er heimilt að taka þátt í tilrauninni.

2. Aðildarríki skulu láta framkvæmdastjórnina vita hvort þau hafa ákveðið að taka þátt í tilrauninni.

3. Tilrauninni lýkur 30. júní 1995. Aðildarríkin geta tekið ákvörðun um að hætta þátttöku í tilrauninni fyrir þann tíma.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. mars 1993.

4. Fyrir lok hvers árs skulu aðildarríkin leggja skýrslu um framvindu og skýrslu um niðurstöður tilraunarinnar fyrir framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN
framkvæmdastjóri.